

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur, 8. janúar 2010, í máli nr. S-1292/2009:

Ákærvaldið

(Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir fulltrúi)

gegn

Ásgeir Friðrikssyni

(Sveinn Andri Sveinsson hrl.)

Ár 2009, föstudaginn 8. janúar, er á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Péttri Guðgeirssyni, héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 1292/2009: Ákærvaldið (Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir) gegn Ásgeiri Friðrikssyni (Sveinn Andri Sveinsson hrl.) sem tekið var til dóms hinn 17. desember sl. að aflokinni aðalmeðferð.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 19. nóvember sl. á hendur ákærða, Ásgeiri Friðrikssyni, kt. 000000-0000, Smáratúni 12, Selfossi, „fyrir hegningar- og umferðarlagabrot, með því að hafa, að kvöldi mánudagsins 12. nóvember 2007, á bifreiðastæði við Ugluhóla 12 í Reykjavík, stofnað lífi og heilsu lögreglumannsins Svövu Snæberg Hrafnkelsdóttur, sem var við skyldustörf, á ófyrirleitinn hátt í augljósan háska og hótad henni ofbeldi í verki en ákærði sinnti ekki fyrir mælum lögreglu um að ræða við lögreglu, settist upp í bifreiðina NK-424 og ók henni hratt og ógætilega af stað í átt að Svövu, sem stóð framan við bifreiðina en komst naumlega undan. Því næst ók ákærði bifreiðinni af vettvangi og yfir umferðareyju, sem skilur að bifreiðastæðið og akbraut Suðurhóla.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. og 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 5. gr. a og 1. mgr. 13. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Af hálfu ákærða er þess krafist að ákærinni verði vísað frá dómi fyrir það að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hafi ekki mátt að rannsaka brot gegn lögreglumönnum úr sama liði. Á það er að líta að lögreglulið höfuðborgarsvæðisins er deildaskipt og rannsóknadeild embættisins annaðist lögreglurannsókn í málinu. Þykir lögreglan á höfuðborgarsvæðinu því hafa mátt annast rannsókn þessa og kröfu ákærða er því synjað.

Málavextir

Fyrir liggur að klukkan 20:17, mánudagskvöldið 12. nóvember 2007, voru fjórir lögreglumenn að störfum við Ugluhóla 12, þar sem ákærði átti þá heima, en hann lá undir grun um fíkniefnamisferli. Hús þetta er fjölbýlishús og hagar þannig til að útidyr eru bæði á norður- og suðurhlið þess. Lögreglumennirnir voru við norðurdyrnar og sáu þá inn um glugga við þær hvar ákærði og kona hans komu út úr íbúð sinni á leið út úr húsinu. Þegar þau tvö tóku stefnu á suðurdyrnar hröðuðu lögreglumennirnir sér vestur fyrir húsgaflinn og komu inn á bílastæðið sem er fyrir sunnan húsið en þar voru ákærði og kona hans að ganga stórum og aflmiklum amerískum jeppabíl sem stóð samhliða húsinu á bílastæði. Samkvæmt skýrslu Svövu Snæberg Hrafnkelsdóttur lögreglumanns gerði Haukur Bent Sigmarsson lögreglumaður ákærða viðvart um að þar væri lögregla komin og lyfti upp skilríkjum til þess að sýna þau. Ákærði og kona hans settust inn í bílinn sem og ók ákærði á brott og hafði nærri ekið á Svövu þarna á stæðinu en hún gat áður skotist úr vegi fyrir bílnum. Ók ákærði yfir umferðareyju, sem er á milli bílastæðisins og akbrautarinnar, og svo á brott. Síðar um kvöldið fannst bíll þessi mannláus við Arahóla, ekki langt frá.

Lagðar hafa verið fram nokkrar ljósmyndir sem ákærði tók og segir vera af vettvangi og hafa lögreglumenn sem komið hafa fyrir dóminn kannast við að þær séu þaðan.

Þá hafa verið lögð fram ýmis gögn frá lögreglu þar sem fram kemur að ákærði átti fyrir nokkrum árum í útistöðum við tvo menn, sbr. hér á eftir.

Verður nú gerð grein fyrir því sem fram hefur komið í meðferð málsins fyrir dómi.

Ákærði játar sök að því er varðar umferðarlagabrotin sem honum eru gefin að sök en tekur þó fram að menn aki almennt yfir umferðareyjuna sem getið er í ákærinni. Ákærði skýrir svo frá að hann hafi verið á leið út með konu sinni í umrætt sinn. Hafi þau fyrst veitt athygli „einhverjum skríl“ við norðurdyrnar sem þau báru ekki kennsl á. Þau hafi losað sig við rusl þar við dyrnar en svo gengið út um suðurdyrnar sem liggja út að bílastæði. Hafi þá allt í einu birst einhverjir menn út úr myrkrinu, 4 – 5 talsins, og þau þá hlaupið inn í bílinn í fátí. Hafi þeir fremstu í hópnum verið um 4-6 metra frá þeim. Segist hann hafa heyrt köll frá þessum mönnum en ekki orðaskil og engin kennsl borið á þá. Hafi þau kona hans brunað af stað á milli tveggja manna, þó ekkert sérstaklega hratt, beygt til vinstri og ekið út af bílastæðinu yfir umferðareyju, til hliðar við bílskúrslengju, og út á Suðurhóla. Hann segir engan hafa verið fyrir bílnum og þá tekur hann fram að hann hafi ekki

gefið vélinni inn fullt afl. Segist ákærði hafa óttast að menn þessir væru misyndismenn úr fortíðinni enda hefði hann áður fengið heimsóknir slíkra manna vegna kvennamála. Nafngreinir ákærði tvo menn í þessu sambandi. Ákærði segist ekki hafa áttað sig á því fyrr en seinna um kvöldið, þegar hann fékk símbað frá lögreglu, að þarna hefðu verið lögreglumenn á ferð. Hann segist svo hafa áttað sig á því þegar hann kynnti sér gögn málsins að einn lögreglumannanna hafi komið áður á heimili hans í sambandi við húsleit. Hann segist þó ekki hafa tekið eftir honum þarna á vettvangi.

Lárus Már Andrésson lögreglumaður hefur skýrt frá því að þegar hann hafi komið fram fyrir húsið hafi ákærði verið að fara inn í bíl sinn. Hafi Haukur Bent kallað hátt á ákærða með nafni og að þau væru lögregla og vildu hafa tal af honum. Hafi verið á að giska 10 metrar á milli hans og ákærða þegar hann kallaði. Þá hafi þau öll verið með lögregluskilríki sem þau höfðu annað hvort um hálsinn eða héldu á lofti. Segir vitnið ákærða hljóta að hafa heyrt köllin í Hauki Bent. Hafi ákærði enda lítið til þeirra en svo flýtt sér að setjast í bílinn og ekið af stað. Var Svava Snæberg þá beint fyrir framan bíl ákærða og náði hún með naumindum að stökkva frá bílnum og kveðst vitnið álíta að ákærði hafi hlotið að sjá hana. Þeir hinir lögreglumennirnir hafi einnig verið mjög nálægt bílnum þegar ákærði ók af stað. Þau hafi hlaupið í lögreglubílinn og hafið eftirför en ekki getað fundið bílinn enda höfðu þau misst sjónar á honum. Skömmu seinna hafi bíllinn þó fundist mannlauk á nærliggjandi götu.

Kona ákærða, Helga Lára Ólafsdóttir, hefur skýrt frá því að þegar þau voru á leið út hafi hún séð að einhverjir voru við norðurdyr hússins. Þegar út um suðurdyrnar kom hafi ákærði gengið að bílnum, sem stóð við tröppur skammt frá dyrunum, og hún á eftir. Segist hún hafa verið gengin sjö mánuði með barn og einnig verið seinfær af annarri ástæðu sem hún tilgreinir. Því hafi þau ekki farið hratt yfir, enda engin ástæða til þess að því er þau álitu. Hún hafi séð menn koma hlaupandi í átt til þeirra, í um 10 til 15 metra fjarlægð, og þegar þau óku á brott hafi hún séð að tveir menn voru hvor sínu megin við bílinn. Þá hafi tveir aðrir einnig komið upp að hægri hlið bílsins. Hafi bílnum verið beygt þegar til vinstri og ekið yfir bílastæðið og eyju á milli stæðisins og götunnar og út á götuna. Hafi ekki verið ekið óeðlilega hratt en hún segir þó að þeim hafi brugðið við að sjá þessa menn koma að bílnum. Hafi þau haldið að þessir menn gætu verið tengdir ofsóknum sem þau hefðu sætt vegna sífjamálefna. Hafi hún heyrt að nafn ákærða var kallað upp, að hún heldur, en hann hafi þá verið sestur inn í bílinn. Hún kveðst ekki hafa heyrt kallað að þetta væri lögreglan. Helga Lára segist ekki hafa séð að neinn væri fyrir framan bílinn eða þyrfti að kasta sér frá þegar þau óku yfir bílastæðið. Þá segist hún ekki hafa séð að neinn af þessum mönnum væri kona. Loks segist hún ekki hafa séð að þeir sýndu nein skilríki.

Svava Snæberg Hrafnkelsdóttir lögreglumaður hefur skýrt frá því að hún hafi verið í starfsnámi lögreglumanns þegar atburðurinn varð. Segir hún að ákærði og kona hans hafi tekið stefnu á suðurdyrnar og þau þá hraðað sér vestur fyrir húsið. Hafi lögreglumennirnir kannast við ákærða frá fyrri afskiptum. Bíll ákærða hafi verið skammt frá suðurdyrunum og því stutt fyrir ákærða að fara í hann þegar hann kom þar út. Þegar þau lögreglumennirnir komu hlaupandi suður fyrir húshornið hafi Haukur Bent, sem fór fyrir þeim, tekið upp lögregluskilríkin og sýnt þau. Jafnframt hafi hann kallað upp nafn ákærða og að þau vildu tala við hann. Segist hún hafa verið öftust þeirra fjögurra. Kveður hún ákærða hafa séð þau en

hann hafi verið að gangsetja bílinn þegar hún kom fyrir húsendann. Tveir lögreglumannanna hafi komið að hægri hliðinni á bíl ákærða og einn vinstra megin þar sem ákærði settist inn í hann. Kveðst hún hafa hlaupið til á mikilli ferð og ætlað að fara að öikumannshliðinni á bílnum. Engum togum hafi skipt að ákærði ræsti bílinn og „gaf hann beint í botn“ og ók af stað. Í þessari sömu andrá hafi hún verið á hlaupum og séð bílinn „stökkva“ í átt að sér. Til dæmis um það hve bíllinn hafi verið nálægt henni þegar hún var á hlaupunum sé það að hún hafi séð yrjurnar í jakkanum, sem hún var í, speglast í krómhúð framan á bílnum. Hafi þá verið innan við einn metri á milli hennar og bílsins, að hún ætlar. Hafi það orðið henni til lífs að hún var á hlaupum og náði að kasta sér frá bílnum sem hafi komið æðandi að henni en við það hafi hún lent utan í gaflinum á bílskúr sem þarna sé við hliðina. Hafi hér ráðið úrslitum að ákærði ók yfir umferðareyjuna frekar en að beygja meira til þess að aka út af stæðinu annarsstaðar. Hafi hún gert sér það ljóst þar sem hún stóð, eða öllu heldur lá, að markmið ákærða var að komast undan þeim og myndi leggja mjög mikið í sölurnar til þess. Segist hún álíta að ef bíllinn hefði snert hana hefði það getað orðið hennar bani. Slíkt sé afl þessa bíls og stærð og hún rétt eins og maur við hliðina á honum. Segir hún bílinn hafa verið í um eins og hálfis metra fjarlægð þegar hann ók fram hjá henni. Hún segir þau lögreglumennina hafa í þessu fári hlaupið eins og fætur toguðu í bílinn sem þau komu á og reyndu að ná ákærða en ekki tekist það. Leitað hafi verið að bílnum sem hafi fundist mannlaus og í hvarfi þarna skammt frá. Hún segir þau hafa verið óeinkennisklædd en girt „tækjabelti“ sem talsvert fer fyrir. Þá hafi þau verið með lögregluskilríki, ýmist í bandi um hálsinn eða haldið þeim á lofti. Hún segir ákærða hafa verið í námunda við bíl sinn þegar Haukur Bent stökk niður á bílastæðið af kanti sem er á móts við húsendann. Segir hún að skammt hafi verið á milli þeirra Hauks og ákærða þegar Haukur kallaði til hans heldur en milli hennar og Hauks. Segist hún þó hafa heyrt vel til hans þegar hann kallaði til ákærða að hann vildi tala við hann. Þá hafi hann sýnt lögregluskilríki sín. Þá tekur hún fram í þessu sambandi að Haukur hafi snúið að ákærða en bakinu í hana. Þá segir hún að ákærði hafi horft í átt að þeim lögreglumönnum þegar hann var að opna bíl sinn. Geti enginn vafi leikið á því að hann hafi vitað að þau væru lögreglumenn enda hafi hann þekkt þá Hauk Bent og Eirík Valberg vegna fyrri afskipta þeirra af ákærða. Hún segir bílinn hafa tekist „á loft“ við það að ákærði gaf bensínið í botn um leið og hann hafði ræst bílvélina. Hafi bíllinn komið „í loftköstum“ í átt að henni. Hafi ákærði viljað „komast mjög hratt frá vettvangi, eins hratt og hann gat“. Hún segir ákærða enga ástæðu hafa haft til að hlaupa svona undan þeim ef hann hefði vitað hver þau væru. Þá segir hún ákærða hafa séð hana þegar hann ók af stað. Hún tekur sérstaklega fram að þegar þetta gerðist hafi hún verið í „mjög stífum æfingum“ í lögregluskólanum og verið „í því besta hlaupaformi“ sem hún hafi verið í um ævina. Hafi hún því verið á mjög mikilli ferð á hlaupunum. Hún segir að nógu hafi verið ljóst þarna til þess að ákærði sæi þau.

Haukur Bent Sigmarsson lögreglumaður hefur skýrt frá því að þeir lögreglumennirnir hafi verið með skilríki í keðju um hálsinn þegar þeir komu fyrir vesturendann á húsinu en óeinkennisklæddir. Segist hann hafa kallað á ákærða með nafni og sagst vilja tala við hann. Minni hann að hann hafi farið fremstur í hópi þeirra lögreglumannanna. Við það hafi ákærði sest í flýti inn í bíl sinn og kona hans einnig, sem þarna var með honum. Hafi hann gefið bílnum, sem sneri í vestur, í botn og ekið af stað. Svava hafi verið „svona meira fyrir miðju“ hafi orðið að stökkva frá bílnum til þess að verða ekki undir honum. Þau hafi þá hlaupið í bílinn sem þau komu á en séð á eftir bílnum á mikilli ferð út Suðurhóla. Hafi bílinn

horfið sjónum þeirra en skömmu seinna hafi hann fundist mannlaus þar skammt frá. Hann segist hafa haft afskipti af ákærða áður og hafa gert hjá honum húsleit þrisvar sinnum áður á árunum 2005 eða -06 til 2008. Telur hann að ákærði hljóti að hafa þekkt sig í sjón vegna þessara kynna. Kveðst hann hafa kallað til ákærða með nafni og sagt að þau væru lögreglan og vildu ræða við hann. Minni hann að þau hin hafi einnig kallað til ákærða. Þá segir hann ákærða hafa horft til þeirra þegar hann gekk fram fyrir bíl sinn til þess að setjast inn í hann. Hann segir þau hafa farið í átt að bílnum en ákærði þá ekið af stað í beygju yfir bílplanið og svo yfir eyjuna. Svava hafi átt fótum sínum fjör að launa en ekki muni hann nánar hver afstaða hennar og bílsins var. Þá muni hann ekki nákvæmlega hvaða leið bílnum var ekið yfir planið og eyjuna. Vitnið sýndi í réttinum lögregluskírteini eins og það sem þau voru með. Er það hvítt spjald, á að giska 10 x 15 cm að stærð og á því miðju er m.a. stór, gul lögreglustjarna. Hann segir að öllum lögreglumönnum hafi stafað hætta af akstri ákærða þarna um planið. Þá sýnir hann „tækjabelti“ sem hann kveður þau hafa verið með um sig og á þeim talstöðvar og fl.

Eiríkur Valberg lögreglumaður hefur skýrt frá því að þegar þau komu inn á bílastæðið, eftir að hafa farið vestur fyrir húsið, hafi hann séð ákærða og konu hans vera þar á leiðinni inn í bíl. Hafi þau þegar kallað á hann og sagt að þau væru lögreglan og veifað lögregluskilríkjum. Hann segir vafalaust að ákærði hafi heyrt og séð til þeirra og hann þá flýtt sér inn í bílinn. Hafi þeir Haukur Bent hraðað sér í átt að bílnum, kallandi á ákærða, og komist hvor upp að sinni hlið bílsins að reyna að opna bíldyrnar. Þær hafi hins vegar reynst læstar og ákærði ekið mjög greitt af stað með allt í botni. Svava hafi staðið fyrir framan bílinn og hún verið í hættu enda litlu munað að hún yrði fyrir bílnum. Hafi hann ekið yfir gras og gangstétt og út á Suðurhóla. Um hreyfingar þeirra á planinu segir hann Svövu hafa verið á göngu yfir planið en þeir Haukur Bent hafi flýtt sér að bílnum. Hann segir Svövu hafa stokkið undan bílnum til vinstri og lent farþegamegin við hann þegar hann ók hjá henni. Dimmt hafi verið en veður hafi verið þökkalegt. Þá hafi lýsing verið ágæt. Sé útilokað að ákærði hafi ekki séð þau og hafi hann átt að greina það að þarna var lögregla á ferð en ekki almennir borgarar. Hafi þau enda kallað að þau væru lögreglan og haldið skilríkjunum á lofti. Þá vekur hann athygli á því að ákærði lagði bílnum eftir stuttan akstur og lét sig hverfa. Það hefði hann ekki gert ef hann hefði haldið þau vera almenna borgara.

Niðurstaða

Fyrir liggur að ákærði sá menn koma í áttina til sín frá vesturenda fjölbýlishússins umrædda og heyrði köll frá þeim. Hann kveðst þó ekki hafa gert sér grein fyrir því að þeir væru lögreglumenn og hvorki hafa heyrt hvað kallað var né hafi hann heldur þekkt fólk þetta í sjón. Hann hafi álitnið af reynslu sinni að misyndismenn væru þar á ferð. Ber eiginkona hans með honum um þetta. Lögreglumönnum ber saman um það að kallað hafi verið að þeir væru lögreglumenn og vildu hafa tal af honum. Telst vera sannað að þeir hafi kallað þetta til ákærða. Gögn málsins bera það með sér að um litlar fjarlægðir er hér að ræða, nokkra metra einungis, og álitur dómurinn að ákærði hafi hlotið að heyra hvað kallað var til hans. Þá liggur það fyrir að einn lögreglumannanna hafði áður komið heim til hans. Loks liggur það fyrir að ákærði hætti akstrinum ekki langt frá heimili sínu, skildi þar bíl sinn eftir og hvarf á braut. Bendir þetta til þess að hann

hafi vitað að þarna hefðu lögreglumenn verið á ferð. Álitur dómurinn það því vera sannað, gegn neitun ákærða og þrátt fyrir vætti konu hans, að ákærði hafi vitað að það voru lögreglumenn sem gáfu sig fram við hann á bílplaninu og reyndu þar að stöðva för hans.

Í ákæru er Svava Sæberg Hrafnkelsdóttir sögð hafa staðið framan við bíl ákærða þegar honum var ekið af stað. Það er aftur á móti í ósamræmi við það sem hún segir sjálf, því hún hefur sagst hafa verið á harðaspretti þegar leiðir hennar og bílsins skárust. Verður að byggja á framburði hennar um þetta atriði. Hún segist ekki hafa hlaupið þvert í veg fyrir bílinn og má ráða af ljósmyndunum í málinu og framburði manna fyrir dómi, nema Eiríks Valbergs, að Svava hafi hlaupið í veg fyrir hann á ská. Það er því rangt sem í ákærunni segir að hún hafi staðið fyrir framan bílinn þegar ákærði ók af stað. Ljóst er að atburðarásin var hér mjög hröð á litlu svæði og fyrir liggur að Svava skaust fyrir bílinn á hlaupum. Þykir ekki vera sannað að ákærði hafi með akstri sínum við þessar aðstæður hóttað Svövu ofbeldi í verki, sbr. 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga, en til þess brots þarf ásetning, sbr. 18. gr. þeirra laga. Ber því að sýkna ákærða af broti gegn 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga.

Öllum lögreglumönnum ber saman um það að ákærði hafi gefið bílvélinni fullt afl og ekið bílnum yfir bílplanið á mikilli ferð. Ákærði hefur hinsvegar sagst ekki hafa ekið sérstaklega hratt. Þess er þó að gæta að hann kveðst hafa verið að flýja þá sem nálguðust hann. Verður að telja sannað með vætti lögreglumannanna að ákærði hafi ekið mjög hratt um lítið bílplan og það þótt hann sæi lögreglumennina nálgast bílinn á ferð yfir það. Þennan akstur hans verður að telja sérlega ófyrirleitinn og hættulegan við þessar aðstæður, enda munaði litlu að slys hlytist af. Telst ákærði þannig hafa brotið gegn 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga gagnvart Svövu Snæberg Hrafnkelsdóttur, en eins og ákæran er úr garði gerð kemur ekki til álita hvort hann hafi að þessu leyti brotið gegn öðrum. Þá hefur hann játað brot sín gegn umferðarlögum og hann að því leyti til orðið sekur samkvæmt ákærunni og brotið þau refsíákvæði sem þar eru talin taka til þeirra.

Refsing og sakarkostnaður

Ákærði hefur nokkurn sakaferil. Hann hefur hlotið fimm refsídóma, ýmist fyrir fikniefna- eða hegningarlagabrot. Síðast hlaut hann 30 daga skilorðsbundinn fangelsisdóm í október 2007 fyrir fikniefnabrot og hefur hann því rofið skilorð þess dóms. Ber að dæma upp þennan dóm og gera ákærða refsingu í einu lagi. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í fjóra mánuði. Málsmeðferð hjá lögreglu hefur dregist verulega og hefur þessi dráttur verið skýrður. Þykir vera rétt að fresta framkvæmd refsingarinnar og ákveða að hún falli niður að liðnum 2 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Málsvarnarlaun verjanda ákærða, Sveins Andra Sveinssonar hrl, 150.000 krónur ber að dæma ákærða til þess að greiða að hálfu en að hálfu ber að leggja þau á ríkissjóð. Dæmast málsvarnarlaunin með virðisaukaskatti.

DÓMSORD:

Ákærði, Ásgeir Friðriksson, sæti fangelsi í fjóra mánuði. Frestað er framkvæmd refsingarinnar og fellur hún niður að liðnum 2 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð.

Ákærði greiði verjanda sínum, Sveini Andra Sveinssyni hrl, 75.000 krónur í málsvarnarlaun en 75.000 króna málsvarnarlaun skal greiða verjandanum úr ríkissjóði.

Pétur Guðgeirsson